

Fréttatilkynning frá Össuri hf.  
Reykjavík, 7. febrúar 2006

## Helstu niðurstöður ársins

- Sala var 252,1 milljón Bandaríkjadala (17,6 milljarðar íslenskra króna\*), jókst um 57% frá árinu 2005.
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 9%.
- Pro forma söluaukning var 7%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA), án einskiptiskostnaðar, var 47,9 milljónir dala (3,3 milljarðar íslenskra króna\*), jókst um 47% frá 2005.
- EBITDA hlutfall var 19,0%, án einskiptiskostnaðar; lækkar úr 20,2% fyrir árið 2005.
- Hagnaður tímabilsins án einskiptiskostnaðar vegna endurskipulagningar var 9,7 milljónir dala (677 milljónir íslenskra króna\*), samanborið við 15,6 milljónir árið 2005. Að undanskildum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar og afskriftum óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa á síðustu misserum, var hagnaður tímabilsins 17,0 milljónir dala, samanborið við 17,9 milljónir árið 2005 sem jafngildir lækkun um 5%.
- Neikvæð gengisáhrif nema 5,6 milljónum Bandaríkjadala.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 6,27 bandarísk sent og lækkar úr 6,34 bandarískum sentum fyrir árið 2005 eða um 1%.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 1,13 bandarísk sent, lækkar úr 3,52 bandarískum sentum 2005 eða um 68%.

## Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs

- Sala var 63,8 milljónir Bandaríkjadala (4,4 milljarðar íslenskra króna\*), jókst um 29% frá sama tímabili 2005.
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 12%.
- Pro forma söluaukning var 10%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA), án einskiptiskostnaðar, var 11,1 milljón dala (766 milljónir íslenskra króna\*), jókst um 25% samanborið við fjórða fjórðung 2005.
- EBITDA hlutfall var 17,3%, án einskiptiskostnaðar og lækkar úr 17,9% frá fyrra ári.
- Hagnaður tímabilsins, að undanskildum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar og afskrifta óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa á síðustu misserum, var 1,6 milljónir dala (110 milljónir íslenskra króna\*), samanborið við 5,2 milljónir árið 2005.
- Neikvæð gengisáhrif nema 1,8 milljónum Bandaríkjadala.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar, án einskiptiskostnaðar, var 0,38 bandarísk sent og lækkar úr 1,85 bandarískum sentum á sama tímabili í fyrra eða um 79%.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var neikvæður um 0,96 bandarísk sent og lækkar úr 0,81 senti á sama tímabili 2005.

## Jón Sigurðsson, forstjóri:

*"Síðasta ár einkenndist af umbreytingum og met vexti. Við höfum séð Össur breytast úr stoðtækjafyrirtæki í forystufyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Á undanförunum 18 mánuðum höfum við keypt fjögur stór fyrirtæki ásamt nokkrum smærri og á sama tíma viðhaldið mjög góðum innri vexti í stoðtækjum. Í desember keyptum við Gibaud Group í Frakklandi og erum nú meðal stærstu fyrirtækja á sviði spelkna og stuðningstækja í Evrópu. Sala á spelkum og stuðningsvörum er nú rúmlega helmingur af sölu Össurar. Með kaupunum á Gibaud bætist við ný vörulína sem eru vörur til notkunar við blóðrásar meðferðir. Þó svo að endurskipulagning hafi verið fyrirferðarmikil á árinu þá kynntum við einnig nýjar og framúrskarandi hátæknivörur sem hafa hlotið verðskuldaða athygli og viðurkenningar meðal fagmanna sem og notenda. Það hefur verið áskorun að viðhalda arðsemi á þessum tíma umbreytinga og eru niðurstöður ársins viðunandi. Við erum þess fullviss að við höfum skapað góðan grundvöll til að ná metnaðarfullum markmiðum Össurar um framtíðarvöxt og arðsemi."*

Ath: Samanburðartölur fyrir 2005 hafa verið leiðréttar með því að undanskilja óvenjulega liði sem féllu til á þriðja ársfjórðungi 2005 vegna fyrirtækjakaupa, þ.e. uppfærslu birgða hjá Royce Medical í söluverð, kostnað vegna endurskipulagningar og óvenjulegar tekjur. Án þessarar leiðréttingar er samanburður töluvert hagstæðari.

\* Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning úr Bandaríkjadöllum yfir í íslenskar krónur fyrir fjórða ársfjórðung er notað meðalgengi 68,99 ISK/USD. Við umreikning fyrir árið er notað meðalgengi janúar til desember sem var 69,77. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í árslok 71,83 ISK/USD.

## Rekstraryfirlit 2006

Árið 2006 er ár umbreytinga og met vaxtar hjá Össuri. Salan nam 252,1 milljón Bandaríkjadala, sem er meiri vöxtur en nokkru sinni fyrr eða um 57% samanborið við árið 2005. Innri söluvöxtur var 9% mælt í Bandaríkjadöllum og 8% í staðbundinni mynt. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta nam 47,9 milljónum Bandaríkjadala, að undanskildum einskíptiskostnaði vegna endurskipulagningar vegna fyrirtækjakaupa.

Fyrirtækið hélt áfram sókn sinni inn á markað fyrir spelkur og stuðningsvörur með kaupunum á Innovation Sports, Inc í janúar, Rigid Medical Technologies í febrúar og Gibaud Group í desember. Innovation Sports hannaði og framleiddi liðbandaspelkur sem hafði verið veik vörulína hjá Össuri. Gibaud Group er forystufyrirtæki í Frakklandi á sviði þróunar og framleiðslu á stuðningstækjum með sérstakri áherslu á spelkur og vörur til notkunar við blóðrásarmeðferðir (phlebology). Fram að þessu hefur Össur haft litla markaðshlutdeild á franska markaðnum en með kaupunum á Gibaud fær Össur aðgang að öflugum söluneti. Áætlað er að salan á árinu 2007 muni nema um 55 milljónum Bandaríkjadala. Með Gibaud kom einnig ný vörulína með vörum til notkunar við blóðrásarmeðferðir, en það er mikilvægur vöruflokkur sem fer ört vaxandi í Evrópu.

Í febrúar 2007 keypti Össur Somas í Hollandi fyrir 9,8 milljónir Bandaríkjadala og er áætlað að salan á árinu 2007 nemi um 5 milljónum Bandaríkjadala og EBITDA framlegð verði um 20%. Áætlaður einskíptiskostnaður vegna endurskipulagningar er 650 þúsund Bandaríkjadalar sem verða gjaldfærðir á fyrsta fjórðungi. Somas er í forystu í dreifingu á spelkum og stuðningsvörum í Beneluxlöndunum með um 15% markaðshlutdeild. Þessi kaup munu styðja enn frekar vöxt félagsins í Evrópu.

Össur hefur breyst frá því að vera stoðtækjafyrirtæki í alþjóðlegt fyrirtæki með bæði stoðtæki og spelkur og nálgast stefnu félagsins um að verða forystufyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja (e. *Orthopaedics*). Sala á spelkum og stuðningsvörum nam 54% af sölu félagsins árið 2006.

Á árinu voru tvær framúrskarandi hátæknivörur settar á markað, Proprio Foot™ og Power Knee™, sem staðfesta tæknilega forystu Össurar á sviði stoðtækja. Þessar vörur hafa hlotið verðskuldaða athygli meðal sérfræðinga sem og notenda. Umfjöllun um vörurnar hefur birst í virtum fjölmiðlum eins og BBC, CBS, New York Times, Wall Street Journal, Los Angeles Times, El Mundo og fleiri.

Fyrsta spelkan sem Össur hefur endurhannað frá grunni er slitgigtarspelkan Unloader®One. Þessi hönnun er til marks um árangur Össurar til að nýta tækniþekkingu frá stoðtækjunum og yfirfæra á spelkur og stuðningsvörur.

Össur hefur hlotið margskonar verðlaun og viðurkenningar á árinu, og eru þær helstu; tilnefning World Economic Forum sem einn af 'Technology Pioneer 2006' í janúar, Investor Relations Magazine award fyrir bestu fjárfestatengsl á Íslandi í júní, Frost & Sullivan 'Technology of the Year Award' í október; Popular Science 'Best of What's New Award' í nóvember.

ABG Sundal Collier birti sína fyrstu greiningu á Össuri í október 2006. Markmið Össurar er að auka þekkingu erlendra fjárfesta á félaginu og fjölga erlendum fjárfestum. ABG Sundal Collier greiningin er því mikilvægur áfangi.

## Rekstrarniðurstöður fyrir árið 2006

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður rekstrar fyrir árið 2006. Innovation Sports, Inc. kemur inn í rekstur samstæðu Össurar frá 18. janúar, Ridgid Medical Technologies frá 1. febrúar og Gibaud Group frá 21. desember 2006. Samanburðartölur fyrir 2005 eru leiðréttaðar fyrir óreglulegum liðum þ.e. uppfaerslu birgða, kostnaði vegna endurskipulagningar og óvenjulegum tekjum, nema annað sé tilgreint. Án þessarar leiðréttingar er samanburður töluvert hagstæðari. Sérstaklega er gerð grein fyrir afskriftum óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa síðustu missera, Royce Medical, Inc. og Innovation Sports, Inc. í Bandaríkjunum og IMP Holdings, Ltd. í Englandi.

Rekstrarreikningur f. árið 2006 (Þús. USD)	2006 án afskrifta óefnislegra eigna	% af sölu	2005 án óregl. liða og afskr. óefnisl.eigna	% af sölu	Breyting
Sala	252.133	100,0%	160.729	100,0%	56,9%
Kostnaðarverð seldra vara	(102.756)	-40,8%	(63.061)	-39,2%	62,9%
<b>Framlegð</b>	<b>149.377</b>	<b>59,2%</b>	<b>97.668</b>	<b>60,8%</b>	<b>52,9%</b>
Aðrar rekstrartekjur	530	0,2%	870	0,5%	-39,1%
Sölu- og markaðskostnaður	(60.840)	-24,1%	(35.791)	-22,3%	70,0%
Þróunarkostnaður	(13.834)	-5,5%	(11.148)	-6,9%	24,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(35.147)	-13,9%	(24.584)	-15,3%	43,0%
Kostnaður vegna endurskipulagningar	0	0,0%	0	0,0%	
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>40.085</b>	<b>15,9%</b>	<b>27.015</b>	<b>16,8%</b>	<b>48,4%</b>
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	(20.602)	-8,2%	(4.280)	-2,7%	381,4%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>19.483</b>	<b>7,7%</b>	<b>22.735</b>	<b>14,1%</b>	<b>-14,3%</b>
Tekjuskattur	(2.530)	-1,0%	(4.885)	-3,0%	-48,2%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>16.953</b>	<b>6,7%</b>	<b>17.850</b>	<b>11,1%</b>	<b>-5,0%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>47.946</b>	<b>19,0%</b>	<b>32.528</b>	<b>20,2%</b>	<b>47,4%</b>

### Yfirlit yfir leiðréttingar:

Rekstrarreikningur f. árið 2006 (Þús. USD)	2006	Leiðr. afskr. óefnisl. eigna	2006 án afskr. óefnisl. eigna	2005	Leiðr. óregl. liða og afskr. óefnisl. eigna	2005 án óregl. liða og afskr. óefnisl. Eigna
Sala	252.133		252.133	160.729		160.729
Kostnaðarverð seldra vara	(102.756)		(102.756)	(66.338)	3.277	(63.061)
<b>Framlegð</b>	<b>149.377</b>		<b>149.377</b>	<b>94.391</b>		<b>97.668</b>
Aðrar rekstrartekjur	530		530	1.870	(1.000)	870
Sölu- og markaðskostnaður	(67.620)	6.780	(60.840)	(38.103)	2.312	(35.791)
Þróunarkostnaður	(17.925)	4.091	(13.834)	(12.408)	1.260	(11.148)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(36.165)	1.018	(35.147)	(24.806)	222	(24.584)
Kostnaður vegna endurskipul.	(8.453)	8.453	0	(4.419)	4.419	0
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>19.743</b>		<b>40.085</b>	<b>16.525</b>		<b>27.015</b>
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	(20.602)		(20.602)	(4.280)		(4.280)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>(859)</b>		<b>19.483</b>	<b>12.245</b>		<b>22.735</b>
Tekjuskattur	5.219	(7.749)	(2.530)	(557)	(4.328)	(4.885)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>4.360</b>		<b>16.953</b>	<b>11.688</b>		<b>17.850</b>
<b>EBITDA</b>	<b>39.493</b>		<b>47.946</b>	<b>25.832</b>		<b>32.528</b>

## Sala

Sala ársins var 252,1 milljón Bandaríkjadala, sem er 57% aukning frá síðasta ári, mælt í Bandaríkjadöllum. Áhrif vegna þróunar á gengi erlendra gjaldmiðla voru jákvæð um tæplega 1 milljón Bandaríkjadala og vöxtur mældur í staðbundinni mynt var 56%.

Innri vöxtur var 9% mælt í Bandaríkjadöllum og pro forma söluaukning, að meðtöldum Royce Medical, Innovation Sports og IMP, nam 7%. Innri vöxtur mældur í staðbundinni mynt var 8%.

Heildarsala hvern virkan dag var 996 þúsund dalir, sem er 57% aukning frá 2005, mælt í Bandaríkjadöllum.

## Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka á fjórðungnum var þessi:

Þús. USD	2006	2005	Breyting
Stoðtæki	115.754	103.655	12%
Spelkur og stuðningstæki	135.036	56.168	140%
Annað	1.343	906	48%
<b>Samtals</b>	<b>252.133</b>	<b>160.729</b>	<b>57%</b>

Sala á stoðtækjum nam 115,8 milljónum dala, eða 46% af heildarsölnunni. Þetta er 12% aukning samanborið við fyrra ár.

Össur heldur tæknilegri forystu sinni á stoðtækjamarkaðnum. Nýjar vörur á borð við Power Knee™ og Proprio Foot™ voru markaðssettar á árinu og hlutu verðskuldaða athygli meðal fagmanna og notenda. Þessar vörur hafa hlotið margskonar verðlaun og viðurkenningar sem hafa náð athygli fjölmiðla um allan heim.

Sala á spelkum og stuðningsvörum nam 135 milljónum Bandaríkjadala og var 53% af heildarsölu og jókst um 140% frá fyrra ári. Pro forma vöxtur var 3%. Mikil vinna við samþættingu og endurskipulagningu hefur tímabundið neikvæð áhrif á söluna, sérstaklega í Evrópu.

Fyrsta spelkan sem Össur hefur endurhannað frá grunni er slitigtarspelkan Unloader®One. Þessi hönnun er til marks um árangur Össurar til að nýta tækniþekkingu frá stoðtækjunum og yfirfæra á spelkur og stuðningsvörur. Að nýta þekkingu sem er til staðar innan fyrirtækisins er mikilvægur hluti af stefnu Össurar og eitt af helstu verkefnum þróunardeildarinnar á næsta ári.

## Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

Þús. USD	2006	2005	Breyting í USD	Breyting í staðb. Mynt
Norður Ameríka	156.017	93.264	67%	66%
Evrópa	80.146	55.791	44%	41%
Aðrir markaðir	15.970	11.674	37%	37%
<b>Samtals</b>	<b>252.133</b>	<b>160.729</b>	<b>57%</b>	<b>56%</b>

Skipulagsbreytingar voru gerðar í ágúst til þess að styðja við hraðan vöxt og styrkja innviði félagsins. Össur Asía sem er ný eining mun þjónusta Asíu og Ástralíu. Össur Asía mun einnig vera með þróunarstarf og sjá um að halda utan um útvistun fyrirtækisins á framleiðslu til Asíu. Skrifstofa hefur verið opnuð í Shanghai.

Frá og með 1. janúar 2007 verður uppgjör félagsins sett fram samkvæmt nýjum markaðssvæðum.

## Norður Ameríka

Sala í Norður Ameríku var 156 milljónir Bandaríkjadala sem er 62% af heildarsölnunni árið 2006 samanborið við 58% á síðasta ári. Salan jókst um 67% samanborið við 2005, mælt í Bandaríkjadöllum. Sala hvern virkan dag jókst um sama hlutfall. Vöxturinn er aðeins minni, mælt í staðbundinni mynt, eða um 66% sem skýrist af styrkingu Kanadadals gagnvart Bandaríkjadal. Innri vöxtur var 13%, mælt í Bandaríkjadöllum.

Sala á stoðtækjum heldur áfram að vaxa umfram vöxt markaðarins, eða um 17% samanborið við árið 2005. Heildarsala á spelkum og stuðningsvörum hefur aukist um 130% á meðan pro forma vöxtur er 6%.

Endurskipulagning og samþætting hefur verið eitt helsta verkefnið í Norður-Ameríku og hefur mikilvægum áföngum verið náð. Starfsstöðinni í Bothell, Washington var lokað í september og framleiðsla á sérgerðum spelkum flutt til

Foothill Ranch í Kaliforníu. Starfsemi félagsins á austurstönd Bandaríkjanna hefur verið endurskipulögð og framleiðsla að hluta úthýst til Asíu og flutt til Kaliforníu. Samþættingu á stoðeildum er lokið og úthýsing á fjöldaframleiddum spelkum er í vinnslu. Starfsmönnum í Norður-Ameríku hefur fækkað um 100. Endurskipulagning á dreifikerfi fyrir spelkur og stuðningsvörur er enn í vinnslu en mikilvægum áföngum hefur verið náð.

## Evrópa

Sala í Evrópu, þ.m.t. Norðurlönd nam 80,1 milljón Bandaríkjadala, sem nemur 32% af heildarsölunni, samanborið við 35% á síðasta ári. Aukning sölu á evrópska markaðnum var 44% og sala hvern virkan dag jókst um 44% hvortveggja mælt í Bandaríkjadöllum. Styrking breska pundins, evrunnar og sænsku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal er helsta skýring þess að söluaukning mæld í staðbundinni mynt er aðeins lægri, eða 41%. Innri vöxtur var 4%, mælt í Bandaríkjadöllum en dregst saman um 3% mælt í staðbundinni mynt.

Sala á stoðtækjum jókst um 6% á árinu, mælt í Bandaríkjadöllum. Sala á spelkum og stuðningsvörum jókst um 163% á meðan pro forma söluaukning var 5%. Samþætting gengur samkvæmt áætlunum.

Eftir kaupin á Gibaud Group og Somas er Össur eitt af stærstu fyrirtækjunum á sviði spelkna og stuðningstækja í Evrópu. Þó að síðustu misseri hafi verið krefjandi hjá Össur Europe vegna vaxtar og umfangsmikillar samþættingar er mat stjórnenda að með þessari fjárfestingu sé komin grunnur sem muni styðja frekari vöxt starfseminnar.

## Alþjóðamarkaðir

Sala á öðrum alþjóðamörkuðum nam 16 milljónum Bandaríkjadala og jókst um 37% milli ára. Nýlegar skipulagsbreytingar og stofnun Össur Asíu fela í sér aukna áherslu á þennan markað sem og aukna getu til að nýta fjölmörg tækifæri þar.

## Framlegð

Framlegð var 59,2% af sölu, samanborið við 60,8% árið 2005, að undanskilinni uppfærslu á birgðum vegna kaupanna á Royce Medical. Framlegð af vörum IMP og Innovation Sports er töluvert lægri en hjá Royce Medical og Össuri. Töluverð áhersla hefur verið lögð á endurskipulagningu á framleiðsluferlum á árinu sem skýrir tímabundna hækkun á kostnaðarverði seldra vara, en er áætlað að muni skila sér í rekstrarhagræði í framtíðinni. Kostnaður vegna innköllunar á Total Knee gervihnénu í mars er um 900 þúsund Bandaríkjadalir. Neikvæð áhrif sem þetta veldur jafnast að hluta út vegna jákvæðrar gengisþróunar, þó mest vegna veikingar íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal.

## Rekstrargjöld

Afskriftir ófnislegra eigna vegna kaupa á Royce Medical, IMP og Innovation Sports halda áfram að hafa veruleg áhrif á rekstrarhagnað og á hagnað tímabilsins, þó að þær hafi ekki áhrif á sjóðstreymi og hagnað fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA). Afskriftirnar á árinu námu 11,9 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 3,8 milljónir árið 2005. Afskriftirnar lækka hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu um 4,7 prósentustig og hlutfall hagnaðar af sölu um 2,9 prósentustig. Upphæðin skiptist á einstaka rekstrarliði sem hér segir:

Kostnaðarliður	2006 (þús. USD)	2006 % af sölu	2005 (þús. USD)	2005 % af sölu
Sölu- og markaðskostnaður	6.780	-2,7%	2.312	-1,4%
Þróunarkostnaður	4.091	-1,6%	1.260	-0,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.018	-0,4%	222	-0,1%
Áhrif á rekstrarhagnað	11.889	-4,7%	3.794	-2,4%
Áhrif á hagnað eftir skatta	7.245	-2,9%	2.290	-1,4%

Afskriftir ófnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa halda áfram næstu 4-5 árin. Samkvæmt bráðbirgða niðurstöðu á útteilingu kaupverðs vegna kaupanna á Gibaud Group munu að auki verða afskrifaðar ófnislegar eignir sem nemur um 1,2 milljónum Bandaríkjadala næstu 10 árin.

Sölu- og markaðskostnaður, að undanskildum afskriftum vegna ófnislegra eigna, jókst og var 24,1% af sölu samanborið við 22,3% í fyrra. Þetta skýrist einkum af mismunandi kostnaðarhlutföllum hjá Royce Medical, Innovation Sports og IMP. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar vegna endurskipulagningar á sölukerfum muni hafa jákvæð áhrif á sölu- og markaðskostnað í framtíðinni.

Þróunarkostnaður, að undanskildum afskriftum vegna ófnislegra eigna, nam 5,5% af sölu, samanborið við 6,9% árið 2005. Styrking Bandaríkjadal gagnvart íslensku krónunni hefur jákvæð áhrif þar sem meginhluti þróunarstarfs Össurar fer fram á Íslandi. Að auki var hlutfall þróunarkostnaðar af sölu hjá keyptum fyrirtækjum lægra en hjá Össuri. Allur þróunarkostnaður er gjaldfærður.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, að undanskildum afskriftum vegna ófnislegra eigna var 13,9% af sölu og lækkar úr 15,3% árið 2005. Stærðarhagkvæmni og aukin afköst vegna endurskipulagningar er þegar farin að skila sér, en jákvæð gengisáhrif hafa einnig haft áhrif á þennan lið.

Einskiptiskostnaður vegna endurskipulagningar vegna kaupanna á Innovation Sports nam 3 milljónum Bandaríkjadala og vegna Gibaud Group 5,5 milljónum Bandaríkjadala.

## Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld nema tæplega 20,6 milljónum Bandaríkjadala, þar eru meðtaldar 15,1 milljón dala í vaxtagreiðslur af bankalánum og 5,6 milljónir dala vegna gengismunar.

Vaxtagreiðslur af bankalánum jukust um 151% sem er vegna verulegrar aukningar á skuldsetningu fyrirtækisins í kjölfar kaupanna á Royce í ágúst 2005. Össur hefur gert vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á 140 milljónum Bandaríkjadala og 48,6 milljónum evra af langtímalánum félagsins. Föst vegin vaxtaþrósentu út lánstímabilið er 5,99% á ári.

Um 67% af langtímalánum Össurar eru í Bandaríkjadöllum og 33% í evrum. Mikil styrking evru gagnvart Bandaríkjadal frá lokum ársins 2005 til ársloka 2006 hefur í för með sér neikvæð gengisáhrif á langtímalán félagsins sem nemur 6,9 milljónum dala, sem gæti snúist við vegna breytinga á markaðsaðstæðum í framtíðinni. Annar gengismunur var jákvæður um 1,4 milljónir Bandaríkjadala og heildaráhrifin því neikvæð sem nemur 5,6 milljónum Bandaríkjadala. Þetta hefur veruleg áhrif á hagnað félagsins.

## Tekjuskattur

Verulegur skattafrádráttur vegna taps í Norður-Ameríku sem og skattafrádráttur í tengslum við innri fjármögnun dótturfélaga, leiðir af sér jákvæðan tekjuskatt sem nemur 5,2 milljónum Bandaríkjadala.

## Hagnaðarhlutföll

Eftirfarandi yfirlit sýnir áhrif einskiptiskostnaðar og afskrifta óefnislegra eigna í tengslum við fyrirtækjakaup á hagnað félagsins:

Hagnaður (USD '000)	2006	Án einskiptiskostn.	Án einskiptisk. afskr. óefn. eigna
Rekstrarhagnaður	19.743	28.196	40.085
EBITDA	39.493	47.946	47.946
Hagnaður	4.360	9.709	16.953

Hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu, að frátöldum einskiptiskostnaði og áhrifum vegna afskriftar óefnislegra eigna, var 15,9%, samanborið við 16,8% árið 2005.

Hlutfall (EBITDA) af sölu var 19,0% árið 2006 samanborið við 20,2% árið 2005, að undanskildum óvenjulegum liðum tengdum fyrirtækjakaupum.

Hagnaður nam 17 milljónum dala eða um 6,7% af sölu samanborið við 17,9 milljónir og 11,1% árið 2005. Mikil aukning á fjármagnskostnaði vegna aukinnar skuldsetningar og óhagstæð gengisáhrif hafa mikil áhrif á hagnað.

## Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur 2006 (þús. USD)	31. desember 2006	31. desember 2005	Breyting
Fastafjármunir	489.319	325.873	50%
Veltufjármunir	123.433	82.113	50%
Eignir samtals	612.752	407.986	50%
Eigið fé	161.639	152.829	6%
Langtímaskuldir	234.538	215.361	9%
Skammtímaskuldir	216.575	39.796	444%
Eigið fé og skuldir samtals	612.752	407.986	50%

Heildareignir jukust úr 408,0 milljónum dala í lok árs 2005 í 612,8 milljónir í lok ársins 2006, sem er 50% aukning.

Í janúar var fyrirtækið Innovation Sports keypt fyrir 38,4 milljónir dala. Kaupin voru að hluta til fjármögnuð með handbæru fé og að hluta til með lánsfé. Meginlánasamningur fyrirtækisins var hækkaður um 40 milljónir dala en þar af eru 20 milljónir óáðregnar.

Í desember var fyrirtækið Gibaud Group í Frakklandi keypt fyrir 132 milljónir Bandaríkjadala. Kaupin voru fjármögnuð með 100 milljón evra brúarláni sem er meðtalið í skammtímaskuldum fyrirtækisins í árslok 2006. Hlutfjárútbóð er áætlað á árinu 2007 sem mun greiða upp brúarlánið. Á þessu tímabili mun eiginfjár- og veltufjárhlutfall félagsins vera undir lágmarksviðmiðum félagsins. Þetta tímabundna frávik hefur verið samþykkt af stjórn félagsins.

Styrking evru gagnvart Bandaríkjadala á árinu hefur neikvæð áhrif á langtímalán félagsins sem eru í evrum sem nemur 6,9 milljónum Bandaríkjadala.

Eiginfjárlutfall í lok ársins var 26%, samanborið við 37% í árslok 2005. Að undanskildum kaupunum á Gibaud Group var eiginfjárlutfallið 36%. Veltufjárlutfallið var 0,6 í árslok 2006 samanborið við 2,1 í árslok 2005.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 11 milljónum Bandaríkjadala á árinu 2006 sem er 4,3% af sölu. Talsvert hefur verið fjárfest í hugbúnaði og starfsstöð og vöruhús félagsins í Eindhoven í Hollandi voru einnig stækkuð á árinu.

## Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (þús. USD)	2006	2005
Hreint veltufé frá rekstri	24.663	18.954
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	32.686	24.986
Fjárfestingahreyfingar	-179.052	-249.659
Fjármögnunahreyfingar	154.197	250.923
Breytingar á handbæru fé	-8.867	16.745

Handbært fé frá rekstri, að frátöldum vöxtum og sköttum nam 32,7 milljónum Bandaríkjadala á árinu samanborið við 25 milljónir árið 2005. Aukningin er 31%.

## Hagnaður á hlut

Lykiltölur	2006	2005	4. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	1,13	3,53	-0,96	0,81
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)*	2,53	4,69	-0,04	0,99
Hagnaður að viðbættum afskriftum á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	6,27	6,33	0,38	1,85
Hagnaður að viðbættum afskriftum á hlut að teknu tilliti til kaupréttá, leiðr. (bandar. sent)*	7,66	7,49	1,30	2,04

\* að undanskildum óvenjulegum liðum vegna fyrirtækjakaupa á síðustu misserum.

Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (að undanskildum einkiptiskostnaði, uppfærslu birgða og óvenjulegra liða) var 2,53 bandarísk sent á hlut árið 2006 og lækkar úr 4,69 bandarískum sentum árið 2005 sem er 46% lækkun.

Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá og óvenjulegra liða var 7,66 bandarísk sent á hlut árið 2006 og hækkar úr 7,49 bandarískum sentum, sem samsvarar 2% hækkun. Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá og óvenjulegra liða á fjórða fjórðungi var 1,30 bandarísk sent og lækkar úr 2,04 bandarískum sentum á sama tímabili í fyrra sem samsvarar 36%.

Við mat á breytingu á hagnaði á hlut þarf að hafa í huga áhrif vegna aukinnar skuldsetningar fyrirtækisins, í kjölfar fyrirtækjakaupa síðustu misseri og þar af leiðandi aukningu á vaxtakostnaði milli ára. Einnig hefur styrking evru gangvart Bandaríkjadala á árinu töluverð áhrif, sem kemur fram í 6,9 milljóna neikvæðum gengismun á langtímaskuldum félagsins sem eru í evrum.

## Rekstrarniðurstöður fjórða ársfjórðungs.

Rekstrarreikningur 2006 (þús. USD)	4. ársfj. 2006 án óregl. liða og afskr.	% af sölu	4. ársfj. 2005 án óregl. liða og afskr.	% af sölu	Breyting
Sala	63.844	100,0%	49.590	100,0%	28,7%
Kostnaðarverð seldra vara	(26.945)	-42,2%	(19.712)	-39,7%	36,7%
<b>Framlegð</b>	<b>36.899</b>	<b>57,8%</b>	<b>29.878</b>	<b>60,3%</b>	<b>23,5%</b>
Aðrar rekstrartekjur	286	0,4%	277	0,6%	3,2%
Sölu- og markaðskostnaður	(15.029)	-23,5%	(12.085)	-24,4%	24,4%
Þróunarkostnaður	(3.784)	-5,9%	(3.261)	-6,6%	16,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(9.518)	-14,9%	(7.540)	-15,2%	26,2%
Kostnaður vegna endurskipul.	0	0,0%	0	0,0%	0,0%

<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>8.853</b>	<b>13,9%</b>	<b>7.269</b>	<b>14,7%</b>	<b>21,8%</b>
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	(5.807)	-9,1%	(1.737)	-3,5%	234,3%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>3.046</b>	<b>4,8%</b>	<b>5.532</b>	<b>11,2%</b>	<b>-44,9%</b>
Tekjuskattur	(1.407)	-2,2%	(309)	-0,6%	
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.639</b>	<b>2,6%</b>	<b>5.223</b>	<b>10,5%</b>	<b>-68,6%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>11.070</b>	<b>17,3%</b>	<b>8.890</b>	<b>17,9%</b>	<b>24,5%</b>

### Yfirlit yfir leiðréttingar:

Rekstrarreikningur (þús. USD)	4. ársfj. 2006	Leiðr. óreglul. kostn. og afskr. óefnisl. eigna	4. ársfj. 2006 án óregl. liða og afskr.	4. ársfj. 2005	Leiðr. óreglul. kostn. og afskr. óefnisl. eigna	4. ársfj. 2005 án óregl. liða og afskr.
Sala	63.844		63.844	49.590		49.590
Kostnaðarverð seldra vara	(26.945)		(26.945)	(20.367)	655	(19.712)
<b>Framlegð</b>	<b>36.899</b>		<b>36.899</b>	<b>29.223</b>		<b>29.878</b>
Aðrar rekstrartekjur	286		286	277		277
Sölu- og markaðskostnaður	(16.758)	1.729	(15.029)	(13.521)	1.436	(12.085)
Þróunarkostnaður	(4.744)	960	(3.784)	(4.057)	796	(3.261)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(9.785)	267	(9.518)	(7.680)	140	(7.540)
Kostnaður vegna endurskipul.	(5.453)	5.453	0	(304)	304	0
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>444</b>		<b>8.853</b>	<b>3.938</b>		<b>7.269</b>
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	(5.807)		(5.807)	(1.737)		(1.737)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>(5.363)</b>		<b>3.046</b>	<b>2.201</b>		<b>5.532</b>
Tekjuskattur	1.656	(3.063)	(1.407)	887	(1.196)	(309)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>(3.707)</b>		<b>1.639</b>	<b>3.088</b>		<b>5.223</b>
<b>EBITDA</b>	<b>5.617</b>		<b>11.070</b>	<b>7.931</b>		<b>8.890</b>

Sala á fjórða fjórðungi 2006 var 63,8 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 29% aukningu frá sama tímabili árið 2005, mælt í Bandaríkjadöllum. Innri vöxtur var 12% mælt í Bandaríkjadöllum og 9% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluvöxtur var 10% mælt í Bandaríkjadöllum.

Framlegð á fjórða ársfjórðungi var 57,8% af sölu, samanborið við 60,3% árið 2005, að undanskilinni uppfærslu á birgðum vegna kaupanna á Royce Medical. Þetta er fyrsti ársfjórðungurinn í kjölfar umfangsmikilla breytinga á framleiðslu félagsins. Starfsstöðinni í Bothell, Washington var lokað í september og framleiðsla á sérgerðum spelkum flutt til Foothill Ranch í Kaliforníu. Starfsemi félagsins á austurstönd Bandaríkjanna hefur verið endurskipulögð og framleiðsla að hluta úthýst til Asíu og flutt til Kaliforníu. Þessar breytingar skýra tímabundna hækkun á kostnaðarverði seldra vara, en er áætlað að muni skila sér í rekstrarhagræði í framtíðinni.

Rekstrarhagnaður, að frátöldum einkiptiskostnaði vegna endurskipulagningar og afskrifta á óefnislegum eignum, nam 8,9 milljónum dala eða 13,9% af sölu, sem jafngildir 22% aukningu samanborið við sama tímabil 2005. EBITDA, að frátöldum óvenjulegum liðum vegna fyrirtækjakaupa, nam 11,1 milljón dala samanborið við 8,9 milljónir dala á fjórða fjórðungi 2005, sem er aukning um 25%. EBITDA hlutfall af sölu var 17,3% að frátöldum óvenjulegum liðum, á fjórðungnum samanborið við 17,9% árið 2005 sem er lækkun um 0,6 prósentustig.

Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá var neikvæður um 0,96 bandarísk sent og lækkar úr 0,81 senti á sama tímabili 2005. Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá á fjórða fjórðungi ársins, að undanskildum einkiptiskostnaði vegna endurskipulagningar, var 1,30 bandarísk sent og lækkar úr 2,04 bandarískum sentum á fjórða fjórðungi 2005, eða um 36%.

Við mat á breytingu á hagnaði á hlut þarf að hafa í huga áhrif vegna aukinnar skuldsetningar fyrirtækisins, í kjölfar fyrirtækjakaupa síðustu misseri og þar af leiðandi aukningu á vaxtakostnaði milli ára. Einnig hefur styrking evru



gangvart Bandaríkjadala á fjórðungnum töluverð áhrif, sem kemur fram í 2,6 milljóna neikvæðum gengismun á langtímaskuldum félagsins sem eru í evrum.

## Fimm ára samanburður

Fimm ára samanburður (þús. USD)	2006	2005	2004	2003	2002
Sala	252.133	160.729	124.399	94.467	81.284
Rekstrarhagnaður	19.743	16.525	20.374	6.112	11.501
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	-20.602	-4.280	-1.232	-407	182
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-859	12.245	19.142	5.705	11.837
Hagnaður eftir skatta	4.360	11.689	15.227	4.661	10.056
Eigið fé	161.639	152.829	54.720	44.011	39.861
Heildareignir	612.725	407.997	108.915	102.126	71.425
Veltufé frá rekstri, janúar – september	24.663	18.954	23.095	8.774	14.661
Handbært fé frá rekstri, janúar – september	15.988	15.481	16.600	10.383	10.503
Arðsemi eigin fjár síðustu 12 mánuði	3%	15%	31%	11%	29%
Veltufjárhlutfall	0,6	2,1	2,2	1,8	2,3
Eiginfjárhlutfall	26%	37%	50%	43%	56%
Hagnaður á hlut síðustu 12 mánuði (US cents)	1,13	3,53	4,80	1,45	3,12
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	113	114	76	43,6	54
Markaðsvirði í milljónum dala	606	695	396	201	220

## Rekstrarhorfur

Rekstrarhorfur til lengri tíma eru áfram jákvæðar. Öflugir undirliggjandi hvatar til markaðsvaxtar eru hærrí lífaldur, krafan um betra líf og velmegun eldra fólks. Össur hefur góða markaðsstöðu í helstu vöruflokkum, eins og stoðtækjum og spelkum og eru góð tækifæri til frekari samþættingar á markaðnum fyrir spelkur og stuðningvörur. Tæknileg forysta Össurar á sviði stoðtækja og áform um að nýta þá þekkingu og yfirfæra á aðrar vörulínur, mun styða við framtíðaráform félagsins.

Eins og áður hefur komið fram hefur félagið sett metnaðarfull markmið um framtíðarvöxt og framlegð, sem fela í sér aukningu á sölu í 750 milljónir Bandaríkjadala og 23% EBITDA framlegð í lok árs 2010. Áætlað er að ná þessum markmiðum með sterkum innri vexti ásamt vel igrunduðum fyrirtækjakaupum.

Rekstrarhorfur fyrir árið 2007 og 2008 eru jákvæðar. Gert er ráð fyrir að sala Össurar á árinu 2007 muni verða um 330 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 252 milljónir 2006 sem jafngildir um 30% hækkun. Gert er ráð fyrir að EBITDA verði um 63 milljónir dala án einskíptiskostnaðar samanborið við 47,9 milljónir dala 2006 sem jafngildir um 32% hækkun. Áætlað er að EBITDA hlutfall verði um 19% af sölu að undanskildum einskíptiskostnaði.

Gert er ráð fyrir að EBITDA hlutfallið á fyrsta fjórðungi 2007 verði lægra en viðmiðið fyrir árið í heild eða á bilinu 16-17%, að undanskildum einskíptiskostnaði. Hingað til hefur hagnaður Össurar fallið lítillega á fyrsta fjórðungi. Þar að auki eru hagnaðarhlutföll Gibaud lægri en heildarviðmið félagsins eða um 18%. Einnig er gert ráð fyrir töluverðum kostnaði á fyrsta fjórðungi vegna málaferla í tengslum við vörulínu í sáraumbúðum, en áætlað er að kostnaðurinn muni vera á bilinu 750 þúsund til 1 milljón Bandaríkjadala.

Einskíptiskostnaður á fyrsta ársfjórðungi vegna uppfærslu birgða vegna kaupanna á Gibaud Group mun nema um 1,3 milljónum Bandaríkjadala. Að auki mun kostnaður vegna endurskipulagningar í tengslum við kaupun á Somas í Hollandi nema 650 þúsundum Bandaríkjadala. Áætlað er að EBITDA framlegð á fyrsta fjórðungi, að meðtöldum einskíptiskostnaði, muni verða á bilinu 13-14%.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir hlutafjárútboði á árinu 2007. Hlutféð verður nýtt til þess að greiða upp 100 milljón evra brúarlán sem stofnað var til í desember til að fjármagna kaupun á Gibaud Group og fjármagna frekari fyrirtækjakaup. Nánari upplýsingar um framkvæmd útboðsins verður tilkynnt síðar.

## Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur fyrir árið 2006 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfundum í dag. Árshlutareikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

## Kynningarfundir fyrir markaðsaðila

Fimmtudaginn 8. febrúar heldur Össur hf. upplýsingafundi fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

Klukkan 13:00 að staðartíma verður haldinn símafundur á ensku. Unnt verður að hlusta á fundinn á heimasíðu Össurar: [www.ossur.com](http://www.ossur.com).

Vinsamlegast hringið í eftirfarandi símanúmer til að taka þátt í fundinum:

Símanúmer fyrir Evrópu: +44 (0) 20 7162 0025

Símanúmer fyrir Bandaríkin: +1 334 323 6201

Einnig er unnt að senda fyrirspurnir til fundarins, sem haldinn er á ensku, með tölvupósti á [investormeeting@ossur.com](mailto:investormeeting@ossur.com)

Klukkan 16:15 að staðartíma verður opinn fundur með stjórnendum fyrirtækisins á Grand Hótelu við Sigtún. Á fundinum munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, fara yfir rekstur tímabilsins.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á heimasíðu Össurar: [www.ossur.com](http://www.ossur.com) og á vef Kauphallar Íslands, [www.icex.is](http://www.icex.is) jafnhliða fréttatilkynningunni.

## Aðalfundur og birtingadagar Össurar 2007

Össur mun halda aðalfund félagsins föstudaginn 23. febrúar 2007 kl. 8:15 á Grand Hótelu. Ársskýrslan verður send til hluthafa sem þess óska og verður einnig aðgengileg á heimasíðu félagsins [www.ossur.com](http://www.ossur.com), á heimasíðu Kauphallar Íslands [www.icex.is](http://www.icex.is) og á [www.huginonline.com](http://www.huginonline.com)

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjóra fyrir árið 2007:

Aðalfundur 2007	23. febrúar 2007
Fyrsti ársfjórðungur	2. maí 2007
Annar fjórðungur	31. júlí 2007
Þriðji ársfjórðungur	30. október 2007
Fjórði fjórðungur / ársuppgjör	5. febrúar 2008
Aðalfundur 2008	22. febrúar 2008

## Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

## Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri	sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri	sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill	sími: 515-1300